

BORUN, Á VEGUM FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS, EFTIR HEITU VATNI VIÐ ÁLFTAVATN, RANGÁRÞINGI YTRA

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun eftir heitu vatni til að hita upp hús Ferðafélags Íslands við Álftavatn, Rangárþingi ytra. sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð/háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða laganna þar sem ekki er tekið á framkvæmdum sem þessum í svæðisskipulagi miðhálandisins og ekki liggur fyrir deiliskipulag. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf sveitarstjórn að fá umsögn Samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandis Íslands. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

INNGANGUR

Þann 27. nóvember 2006 tilkynnti Ferðafélags Íslands til Skipulagsstofnunar borun eftir heitu vatni við Álftavatn, Rangárþingi ytra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2c ii í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með bréfi dags. 27. desember 2006, Ferðamálastofu með bréfi dags. 10. janúar 2007, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands með bréfi dags. 13. apríl 2007, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 9. janúar 2007, Orkustofnun bréfi dags. 12. desember 2006 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 3. janúar og 3. apríl 2007. Frekari upplýsingar bárust frá Ferðafélagi Íslands með bréfi dags. 19. mars 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd.

Ferðafélag Íslands fyrirhugar að láta bora eftir heitu vatni til að hita upp hús félagsins við Álftavatn, Rangárþingi ytra og auka þannig þjónustu við ferðamenn þar. Álftavatn er innan Friðlands að Fjallabaki. Fyrirhugað er að staðetja borholu við Bratthálskvísl (borstaður B) við veginn milli Álftavatns og Hvanngils og þaðan muni liggja um 800 m löng niðurgrafin lögn að húsunum. Lögnin muni verða meðfram lækjarfarvegi og grafin niður með lítilli gröfu. Reynist borhola á borstað B ekki nægilega vel er fyrirhugað að bora hola á borstað A sunnan í móbergsás norður af skálanum og yrði lögn þaðan um 400 m löng, grafin niður í mel, mosapembu og mólendi. Mosa yrði flett ofan af skurðsvæðinu með handafli og lagður yfir það aftur við frágang. Fyrirhugað er að affall frá húshitun fari niður í grunnvatn í gegnum brunn skammt neðan húsa Ferðafélagsins.

Sérfræðingar Orkustofnunar mæla frekar með borstað B við Bratthálskvísl þar sem hann sé nokkurn veginn í sprungustefnu frá laugunum innan við Bratthálskvísl. Hann sé líka lægra í landinu og meiri líkur á sjálfrennsli úr borholu þar en frá borstað A.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Rangárþing ytra, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því sé ekki þörf á að hún verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á náttúrufar. Orkustofnun bendir á að það jarðhitavatn sem hugsanleg næðist með fyrirhugaðri borun sé að öllum líkindum affallsvatn frá háhitasvæðinu sem kennt

er við Torfajökul. Ólíklegt sé að sú smávægilega nýting sem fyrirhuguð sé hafi áhrif á jarðhita svæðisins eða laugar, sem eru all fjarri.

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands bendir á að vegna sérstakra staðhátta þarf að gera varúðarráðstafanir vegna notkunar olíu og annarra vökva við umrædda framkvæmd og tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um hvenær verkið verður unnið.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin, eins og henni hefur verið lýst, sem og þættir henni tengdir muni hafa takmörkuð umhverfisáhrif í för með sér. Helstu umhverfisáhrifin verði á framkvæmdatíma, að mestu sjónræn og að loknum frágangi muni mannvirkin mynda heildrænt útlit við þau mannvirki sem þegar eru á svæðinu. Ekki séu líkur á að efnabúskapur Brattholtskvíslar breytist þegar frárennsli frá húsum verði veitt í ána enda gæti þegar áhrifa jarðhita í henni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun eftir heitu vatni til að hita upp hús Ferðafélags Íslands við Álftavatn, Rangárþingi ytra og auka þannig þjónustu við ferðamenn þar. Gert er ráð fyrir að staðsetja borholu við Bratthálskvísl (borstaður B), þ.e. við veginn milli Álftavatns og Hvangils. Þaðan verði lögð um 800 m löng niðurgráfin lögn að húsunum. Reynist borhola á borstað B ekki nægilega vel er fyrirhugað að bora holu á borstað A sunnan í móbergsás norður af skálanum. Veðrur lögn þaðan um 400 m löng og gráfin niður í mel, mosapembu og mólendi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2c ii í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á framkvæmdatíma, að mestu sjónræn og að loknum frágangi muni mannvirkin ekki hafa veruleg áhrif á umhverfið. Ekki séu líkur á að efnabúskapur Brattholtskvíslar breytist þó frárennsli frá húsum berist í ána enda gæti þegar áhrifa jarðhita í henni. Heildaráhrif framkvæmdarinnar á náttúruafar verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðafélags Íslands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Ferðafélags Íslands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð borun, á vegum Ferðafélags Íslands, eftir heitu vatni á borstöðum A eða B, lagning hitaveitu og nýting á heitu vatni í skálum Ferðafélags Íslands við Álftavatn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. t. l. bráðabirgðaákvæða laganna þar sem ekki er tekið á framkvæmdum sem þessum í svæðisskipulagi miðhálandisins og ekki liggur fyrir deiliskipulag. Einnig þarf sveitarstjórn að fá umsögn Samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandis Íslands. Aðili sem annast framkvæmd jarðborunar þarf starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélag Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2007.

Reykjavík, 16. apríl 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F. Þóroddsson